

# Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

Flugvöllir 33, 230 Reykjanesbæ.

## Stjórn Brunavarna Suðurnesja bs.

72. fundur Stjórnar BS bs. haldinn fimmtudaginn 16. mars 2023.

kl. 16:00 í fundarsal BS bs. að Flugvöllum 33, 230 Reykjanesbæ.

**Mættir eru:** Friðjón Einarsson, Trausti Arngrímsson, Helga Jóhanna Oddsdóttir, Birgir Örn Ólafsson, Magnús S Magnússon, Sigurður Skarphéðinsson varaslökkviliðsstjóri og Jón Guðlaugsson slökkviliðsstjóri.

### Dagskrá:

#### Formaður setur fundinn.

1. Sýndarveruleikaæfingabúnaður.

Í góðu samstarfi við Ísavía var nýlega fest kaup á sýndarveruleikabúnaði sem mun vera notaður til þjálfunar hjá B.S. og Ísavía. Búnaðurinn mun auka tækifæri B.S. til þjálfunar starfsfólks verulega og um leið mun umhverfisvænna.

2. Staða fjármála.

Rekstur B.S. samkvæmt áætlun.

3. Drög af ársreikningi fyrir árið 2022.

Drög af ársreikningi 2022 lögð fram til fyrri umræðu.

4. Starfsmannamál.

Formanni stjórnar og Slökkviliðsstjóra B.S. falið að ganga frá samkomulagi um starfslok starfsmanns auk lífeyrisgreiðslna.

5. Skýrsla sl.stjóra.

Í ár mun B.S. að ráða inn í 7 stöður vegna sumarafleysinga, úr þeim hópi er síðan ætlunin að ráð einn starfsmann í fasta stöðu á vaktir, þá verða allar vaktir mannaðar 7 stöðum, það þýðir að 6 starfsmenn eru skráðir á vakt hverju sinni en í sumar, vetrarorlofum og veikindum fer fjöldi starfsmanna á vakt niður í 5 á vakt.

Fundi slitið 17:30